

Markaðssetning og notkun plöntuverndarvara 2016-2023



Efnisyfirlit

1. UPPLÝSINGAR UM MARKAÐSSETNINGU OG NOTKUN PLÖNTUVERNDARVARA	3
2. PLÖNTUVERNDARVÖRUR SETTAR Á MARKAÐ 2023	3
3. PLÖNTUVERNDARVÖRUR SETTAR Á MARKAÐ 2023 Í KG AF VIRKU EFNI	4
4. SALA Á NOTENDALEYFISSKYLDUM PLÖNTUVERNDARVÖRUM	5
5. SKIPTING Á NOTKUN NOTENDALEYFISSKYLDRA PLÖNTUVERNDARVARA	6
6. FJÖLDI PLÖNTUVERNDARVARA Á MARKAÐI EFTIR NOTKUNARSVIÐI	7
I. VIÐAUKI: PLÖNTUVERNDARVÖRUR SETTAR Á MARKAÐ FYRIR ÁRIN 2021, 2022 OG 2023 GEFIN UPP SEM KG AF VIRKU EFNI	8

Markaðssetning og notkun plöntuverndarvara 2016-2023

Útgáfunúmer: UST2024:15

Nóvember 2024

Unnið af: Kristínu Silju Guðlaugsdóttur og Hafðísi Ingu Ingvarsdóttur, teymi efnamála

Mynd á forsiðu: Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Útgefandi:



Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími: 591 2000

Netfang: ust@ust.is

Veffang: www.ust.is

1. Upplýsingar um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara

Plöntuverndarvörur eru notaðar í landbúnaði og garðyrkju til að verja uppskeru nytjaplantna fyrir ýmsum skaðvöldum en til þeirra teljast skordýra-, sveppa- og illgresiseyðar ásamt stýriefnum. Reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur innleiðir reglugerð (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og samkvæmt henni þurfa plöntuverndarvörur markaðsleyfi hér á landi til þess að þær megi setja á markað og nota. Umhverfisstofnun sér um að veita markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum og hefur eftirlit með markaðssetningu á þeim, sbr. efnalög nr. 61/2013.

Við gildistöku efnalaga féllu úr gildi allar skráningar plöntuverndarvara en heimilt var að sækja um tímabundna skráningu fyrir þær plöntuverndarvörur sem höfðu verið með skráningu. Þá voru veittar 114 tímabundnar skráningar, en gildistíminn er háður því hvenær búið er að áhættumeta virka efnið í vörunni á vettvangi ESB. Tímabundnar skráningar falla því smátt saman úr gildi og verður þá að sækja um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum til þess að þær megi vera áfram á markaði. Í ársbyrjun 2022 voru 50 plöntuverndarvörur með tímabundna skráningu, 46 í byrjun árs 2023 og 46 í byrjun janúar 2024.

Plöntuverndarvörur skiptast í tvo flokka, annars vegar vörur sem ætlaðar eru til almennrar notkunar og hins vegar notendaleyfisskyldar vörur sem ætlaðar eru til notkunar í atvinnuskyni. Umhverfisstofnun stendur árlega fyrir eftirlitsverkefnum sem nýtast m.a. til að afla upplýsinga um plöntuverndarvörur sem settar eru á markað og um sölu notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara.


Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gaf á árinu 2016 út aðgerðaráætlun um notkun plöntuverndarvara sem gildir til loka árs 2031 og í henni eru sett fram 11 markmið í því skyni að draga úr notkun á plöntuverndarvörum. Eitt af þeim er að Umhverfisstofnun uppfæri og viðhaldi gögnum um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara hér á landi í því skyni að ætíð liggja fyrir bestu fánlegu upplýsingar um stöðu mála hvað þetta varðar. Í þessari skýrslu eru teknar saman upplýsingar um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara fram til loka ársins 2023.

2. Plöntuverndarvörur settar á markað 2023

Á árinu 2023 voru flutt inn alls 13.907 kg af plöntuverndarvörum, sem ýmist eru ætlaðar til almennrar notkunar eða notkunar í atvinnuskyni og kallast hinar síðarnefndu notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur (mynd 1).

Innflutningur á plöntuverndarvörum hefur verið mismikill á milli ára og liggja sveiflurnar einkum í því að verið er að flytja inn vörur í stórum sendingum, sem ætlaðar eru til sölu í fleiri en eitt ár, eða að upp koma vandamál í plöntuvernd sem kalla á aukna notkun plöntuverndarvara til að koma í veg fyrir tjón eða uppskerubrest.

Eina af ástæðum þess að innflutningur plöntuverndarvara jókst á milli árunna 2021 og 2022 má rekja til þess að flutt var inn talsvert meira magn af sveppaeyðum en á fyrri árum. Það var til þess að bregðast við tjóni af völdum kartöflumyglu við ræktun á kartöflum en mikið tjón varð af völdum kartöflumyglu við ræktun kartafna á árinu 2021 með þeim afleiðingum að mikið var um smit í kartöflugörðum á árinu 2022. Innflutningur plöntuverndarvara dróst lítillega saman á milli árunna 2022 og 2023 og má rekja ástæðuna til þess að heldur minna var flutt inn af sveppaeyðum á árinu 2023 en á árinu 2022. Einnig dróst innflutningur á illgresiseyðum lítillega saman á síðasta ári miðað við árið á undan.



Mynd 1. Innflutningur á plöntuverndarvörum á árunum 2016-2023, kg af vörum.


Í Aðgerðaráætlun um notkun plöntuverndarvara 2016-2031 er settur fram áhættuvísir varðandi innflutning á plöntuverndarvörum og samkvæmt honum skal innflutningur á þeim ekki nema meiru en 12.000 kg alls á ári. Það markmið náðist ekki á árinu 2023, sbr. mynd 1.

3. Plöntuverndarvörur settar á markað 2023 í kg af virku efni

Þegar meta á áhrif plöntuverndarvara á heilbrigði og umhverfi gefur magn virkra efna mun betri vísbendingar um raunverulegt álag heldur en heildarmagn vara sem settar eru á markað. Þar sem styrkur virku efnanna í plöntuverndarvörum liggur alltaf fyrir er hægt að reikna út hve ákveðið heildarmagn af vöru samsvarar miklu magni af virkum efnum. Innflutningur á plöntuverndarvörum mælt í kg af virku efni nam 1.597 kg á árinu 2023 (mynd 2) og dróst því saman frá fyrra ári.

Í l. viðauka má sjá yfirlit yfir virk efni sem sett hafa verið á markað á árunum 2021-2023 og magn þeirra, en tekið skal fram að þær tölur gefa eingöngu

upplýsingar um magn sem var sett á markað á hverju ári en ekki um notkun varanna á ársgrundvelli. Ef litið er til markmiðanna úr aðgerðaráætluninni þá skal innflutningur á virkum efnum ekki nema meiru en 3.000 kg á ári og því er ljóst að innflutningur á árinu 2023 er undir því viðmiði. Á mynd 2 má sjá að innflutningur á plöntuverndarvörum til almennrar notkunar hefur dregist saman undanfarin ár á meðan innflutningur á plöntuverndarvörum til notkunar í atvinnuskyni hefur heldur aukist. Ástæðu þessarar aukningar má að nokkru leiti rekja til áðurnefndrar aukningar í innflutningi á sveppaeyðum.




Mynd 2. Innflutningur á plöntuverndarvörum á árunum 2016-2023, kg af virkum efnum.

4. Sala á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum

Umhverfisstofnun kallar á hverju ári eftir upplýsingum frá söluaðilum hér á landi um sölu þeirra á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum fyrir næstliðið ár. Samkvæmt þeim voru á árinu 2023 seld 6.042 kg af notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum eða sem samsvarar 1.917 kg af virku efni og er það samdráttur miðað við árið á undan (tafla 1). Samkvæmt markmiðum í Aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara 2016-2031 skal sala á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum ekki nema meiru en 2.400 kg af virku efni á ári, það er því ljóst að þetta markmið hefur náðst á árinu 2023 (mynd 3).

Tafla 1. Sala 2021-2023 á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum.


	2021	2022	2023
Sala á plöntuverndarvörum, kg alls	2963	6419	6042
Sala á plöntuverndarvörum af virku efni, kg	1107	2278	1917
Fjöldi seldra vöruhegunda	27	36	42



Mynd 3. Sala 2021-2023 á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum, kg af virku efni.

5. Skipting á notkun notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara

Á árinu 2023 var mest selt af illgresiseyðum og því næst sveppaeyðum (mynd 4). Sala plöntuverndarvara rúmlega tvöfaldaðist á milli árána 2021 og 2022 og munar þar mest um nær þrefalda aukningu í sölu sveppaeyða. Sala illgresiseyða og stýriefna jókst einnig. Á árinu 2023 dróst heildarsala plöntuverndarvara saman frá fyrra ári og munar þar mest um samdrátt í sölu sveppaeyða milli ára. Tekið skal fram að þessar tölur eiga eingöngu við um notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur.




Mynd 4. Skipting á sölu notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara.

6. Fjöldi plöntuverndarvara á markaði eftir notkunarviði

Upplýsingar um fjölda plöntuverndarvara á markaði eru fengnar úr eftirlitsverkefnum Umhverfisstofnunar, en í þeim eru allar vörur á markaði þegar eftirlit fer fram skoðaðar. Samkvæmt þeim gögnum fækkaði vörutegundum á markaði fram til ársins 2022, en fjölgaði aftur lítillega árið 2023 (mynd 5). Stafar það m.a. af því að vörum með tímabundna skráningu hefur fækkað á tímabilinu 2019-2022 og fá markaðsleyfi gefin út í staðinn. Fjölgun vara á markaði á árinu 2023 stafar af því að gefin voru út tímabundnar undanþágur frá markaðsleyfi fyrir einstaka vörur á því ári.

Í Aðgerðaráætlun um notkun plöntuverndarvara kemur fram spá um fjölda plöntuverndarvara sem yrðu á markaði hér á landi árið 2025 og skiptingu varanna eftir því hvort þær séu ætlaðar til almennrar notkunar eða eingöngu til notkunar í atvinnuskyni. Spáin byggir á því að til staðar á markaði séu nægilega margar mismunandi plöntuverndarvörur til þess að uppfylla á fullnægjandi hátt þarfir í plöntuvernd, bæði almennings og atvinnulífs. Samkvæmt spánni er gert ráð fyrir að 72 plöntuverndarvörur verði á markaði á árinu 2025, þar af 54 eingöngu ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni (75%) og 18 til almennrar notkunar (25%).

Á árinu 2023 voru 10 plöntuverndarvörur á markaði sem ætlaðar eru til almennra nota og 26 notendaleyfis skyldar. Miðað við spánni fyrir árið 2025 um þann fjölda plöntuverndarvara sem þarf til að uppfylla þörfina fyrir plöntuvernd til framtíðar má búast við að plöntuverndarvörum á markaði muni fjölga á næstu árum. Þó er ekki víst að það gerist ef fjöldi vara sem nú þegar eru á markaði er nægjanlegur til að uppfylla á fullnægjandi hátt þarfir í plöntuvernd og því ekki eftirspurn eftir fleiri vörum.



Mynd 5. Fjöldi plöntuverndarvara á markaði eftir notkunarviði.

I. viðauki: Plöntuverndarvörur settar á markað fyrir árin 2021, 2022 og 2023 gefin upp sem kg af virku efni

Virkt efni	Notkunarvið	Flokkur	2021	2022	2023
2,4-D	í atvinnuskyni	illgresiseyðir			56
aklónífen	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	378	324	384
asadíraktín	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	0,28	0,25	
benþíavalíkarb-ísóprópýl	í atvinnuskyni	sveppaeyðir			0,7
bífenasat	Í atvinnuskyni	skordýraeyðir			1,1
díkamba	almenn notkun	illgresiseyðir	2,11	2,2	16,1
díklórpróp-P	almenn notkun	illgresiseyðir	8,6	8,9	0,5
díkvat-díbrómíð	í atvinnuskyni	illgresiseyðir		47	
dódemorf	almenn notkun	sveppaeyðir	47	43	86
ediksýra	almenn notkun	illgresiseyðir	28,8	28,8	
fitusýrur	almenn notkun	illgresiseyðir		71	
flóníkamið	í atvinnuskyni	skordýraeyðir		5	2,5
flórasúlam	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	0,5	2	1,5
flúasínám	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	173	198	42,5
flúdíoxóníl	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	13	15	12
flúxapýroxað	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	30	34	
fosetýl-Al	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	5	4,7	27,9
glýfosat	almenn notkun/í atvinnuskyni	illgresiseyðir	28	142	90,8
járnfosfat	almenn notkun	skordýraeyðir		1,2	0,8
kletódím	í atvinnuskyni	illgresiseyðir		9,4	
klómasón	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	25	22	30
mandíprópamið	í atvinnuskyni	sveppaeyðir		177,5	12,5
MCPA	almenn notkun	illgresiseyðir	32	33	59,9
meklópóp-P	í atvinnuskyni	illgresiseyðir			33,8
metasaklór	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	20	15	
metríbúsín	almenn notkun	illgresiseyðir	22	4,2	1,8
naprópamið	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	20	9	32,5
pendímetalín	í atvinnuskyni	illgresiseyðir		13,7	22,8
penkónasól	í atvinnuskyni	sveppaeyðir		0,2	
pírímíkarb	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	85		
próklóras	í atvinnuskyni	sveppaeyðir		5,5	
própakvisafóp	Í atvinnuskyni	sveppaeyðir	13	20	3,5
própamókarb	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	288	880	524
pýraflúfenetýl	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	1,6	3,4	3,4
pýraklóstróbín	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	60	67,5	0,2
pýretrín	almenn notkun	skordýraeyðir		3	3
rimsúlfúrón	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	0,8	0,7	
spínósað	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	3,2	1,2	3,6
spírótetramat	í atvinnuskyni	skordýraeyðir			0,1
Streptomyces K61	almenn notkun	sveppaeyðir			0,01
sýmoxaní	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	35	109	59,5
sýpermetrín	almenn notkun	skordýraeyðir	20	33	37,8
sýpróðiníl	í atvinnuskyni	sveppaeyðir		0,8	
tríbenúrón	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	6	6,5	2,8
trínexapak	almenn notkun	stýriefni		21	16,3
Alls sett á markað í kg af virku efni			1.345	2.362	1.597